

Mætt voru Sveinn Steinarsson, Vignir Sigurðsson, Ólafur Þórisson, Birna Hauksdóttir, Jón Bjarni Þorvarðarson, Malin Persson, Jónas Vigfússon, Sigurður H. Jökulsson, Magnús Jósefsson, Þórður Pálsson, Sigurgeir Þorsteinsson, Ómar Ingi Ómarsson. Þorvaldur Kristjánsson og Hallveig Fróðadóttir sem ritaði fundargerð.

Störf aðildarfélaganna

Ólafur Þórisson – fór yfir störf Hrossaræktarsamtaka Suðurlands, stóðhestaeign þeirra lauk á síðasta ári með fráfalli Galsa, hafa unnið í heimasíðumálum og í því að auðvelda boðleiðir til félagsmanna með því að safna saman netföngum þeirra

Jónas Vigfússon – skoðað hefur verið hver staða Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga og Þingeyinga er og hver framtíðin verður. Fór yfir söguna og stofnun HEP sem aðila að FHB. Aðalatriðið er að mati JV að hafa inni aðilana sem eiga hagsmuna að gæta og að HEP ætti að vera regnhlíf og tenging við FHB en ekki eingöngu að aðilar séu í undirfélögum, s.s. Náttfara og Svarfdælinga. Eru ekki lengur með stóðhest í sinni eigu.

Sigurður Jökulsson - fór yfir stöðuna í Dalasýslu

Magnús Jósefsson fráfarandi formaður Samtaka hrossabænda í A-Hún – fór yfir stöðuna hjá A-Hún.

Ómar I. Ómarsson- Fór yfir stöðuna á Hornafirði og Austurlandi.

Birna Hauksdóttir – fór yfir stöðuna á Vesturlandi, lítið að gerast þar. Hafa verið að taka stóðhesta á leigu, mikið hefur verið um að margar hryssur fylgi með stóðhestunum þegar þeir koma á svæðið en minna um að félagsmenn komi með hryssur.

Þórður – fór um stöðuna hjá A-Hún. Folaldasýning var haldin um daginn og árshátíð. Umhugsunarvert er að stærsti hrossaeigandinn á svæðinu, Ísteka, er ekki í félaginu.

Sigurgeir Þorsteinsson – ekki mjög umfangsmikil starfsemi í Skagafirði en þó hafa alltaf verið 1-2 stóðhestar í útleigu hjá þeim. Eru byrjuð að kynna sig út á við (Equitana 2015) sem og innan sveitar. Settu líka upp kynningarbás á LM2016 og fengu Árna Gunnarsson hjá Skotta-film til að gera kynningarmyndbönd fyrir báðar kynningarnar. Hafa haldið sínar uppskeruhátíð, félagsmenn eru um 160 en aðalfundir eru mjög fámennir eins og hjá mörgum öðrum aðildarfélögum FHB.

Sveinn Steinarsson – fór yfir hlutverk FHB og lýsti yfir ánægju með að fulltrúar væru frá öllum félögum. Áhugavert að deildirnar séu að taka stóðhesta á leigu, þó að ásóknin sé e.t.v lítil þá er þetta hluti af því að gera starf deildanna áhugavert.

Félagslegt umhverfi FHB:

Sjá glæru

Tillögur að breytingum á félagsaðildinni

Ræða þarf hvaða tillaga kæmi helst til greina, eða hvort einhver önnur leið sé betri.

Vignir Sigurðsson – reiknar með að félögum fækki meira en um þau 30% sem BÍ gerir ráð fyrir hjá sér. Spurning er hvort við getum sett inn e-a veltutengda greiðslu til FHB á félagsmenn.

Magnús – af hverju er ekki hægt að hafa skráningargjald á hvert hross (þá í gegnum RML) en félagsmenn fengju þetta á lægra gjaldi. Vignir segir að ekki sé heimilt skv. lögum að mismuna á grundvelli félagsaðildar.

Ómar – þar sem FHB nýtur ekki ríkisstyrkja þá er spurning hvort ekki væri hægt að bjóða upp á afslátt á skráningum félagsmanna vegna þess. Þetta gengur ekki með BÍ þar sem þeir njóta ríkisstyrkja.

Jónas – má RML gera samninga við búgreinafélögin ?

Sveinn – gjald á hvert skráð hross er eitthvað sem ætti etv að skoða betur.

Birna – kynbótasýningar, enginn afsláttur er veittur þar gegn félagsaðild og þar með engin gulrót til staðar.

Sveinn – kúabændur eru líka í baráttu um framtíðar félagsaðild hjá sér og að sögn Birnu er ástæðan sú að það er ekkert réttlæti í skiptingu á greiðslum frá félagsmönnum.

Magnús – reiknar með að í A-hún hætti aðilar í FHB en verði í félagi sauðfjárbænda til að fá réttindin í gegnum BÍ.

Sveinn – verkefnið er hvernig við getum haldið sjó. Þurfum líka að skoða fleiri leiðir: ættu allri að borga skráningargjald, eða bara okkar félagsmenn ? Verkefni deildanna er að búa til ávinning fyrir sína félagsmenn. FHB þarf að finna ávinning utan hagsmunagæslunnar sem BÍ er líka í. Þurfum að hafa 50 fullgilda aðila til að geta verið aðilar að BÍ.

Jónas – búnaðarsambandið í Eyjafirði, er það ein aðildin enn eða tengin inn á BÍ ? – Vignir: þarf að vera með aðild að búgreinafélag eða búnaðarsambandi til að geta orðið félagi í BÍ.

Ómar –er að borga það sama til BÍ og stærstu kúabændur, þarf BÍ ekki að fara að vinna fyrir hrossabændur ? ekkert jafnrétti í því.

Sveinn – þetta var rætt í undirbúningi nýju laganna. Þessi búgrein okkar þarf að vera markaðsdrifin. Almennir þættir í samningunum nýju s.s. jarðræktarstyrkir standa hrossabændum nú til boða ef þeir uppfylla ákveðin skilyrði.

Jón Bjarni – þurfum að vera vakandi yfir þessum möguleika.

Sveinn – hræddur við að hrossabændur nýti ekki þessa möguleika og þá hætt við að þau réttindi detti út. Munum kalla eftir upplýsingum um það hvernig hrossabændur eru að nýta þessa nýju möguleika sína.

Vignir – viljum við FHB sé til og ef svo er þá þurfum við að vinna að því að fjármagna það starf. Ætlum við að hafa félagsgjald eða tengja þetta veltu eða jafnvel að fara e-r aðra leið. Verðum að velta þessu fyrir okkur.

Þorvaldur Kristjánsson – rætt hefur verið innan RML að efla námskeiðahald og ungfolasýningar og spurning hvort það væri leið til að umbuna félögum í FHB ? Fleira í þessum dúr mætti ræða

Vignir – væri t.d. hægt að semja við aðila stóðhestaveislunnar um afslátt fyrir félagsmenn FHB s.s. 30%.

Þorvaldur – er það erfitt að sýna fram á nauðsyn þess að vera í FHB ? grundvallaratriðið að benda á nauðsyn þess að vera í félaginu.

Ólafur – kynna þarf FHB fyrir þeim sem ekki eru í félaginu

Birna – 1100 aðilar eru í Hrossaræktarsamtök vesturlands – þar er tekjustofninn stóðhestahald en ekkert félagsgjald.

Jónas - vill hafa virka félaga frekar en fjölda sem er ekki að vinna að hagsmunum félagsins.

Sveinn – það kostar 500 kr á mánuði að vera í FHB.

Malin – þeirra deild hefur styrkt ýmsa hrossatengda starfsemi á sínu svæði.

Sveinn – reksturinn er góður; höfum skorið niður í rekstri og erum að lágmarka rekstrarkostnað félagsins. Getum ekki dregið það lengur en fram á haust að ganga frá þessum málum. Bl stendur í sömu sporum núna og kemur í ljós á árinu hvernig þeirra framtíð verður.

Jónas – myndi vilja taka upp gjald á útflutt hross.

Þriðja leiðin – leið C: Skoða þarf að fá gjald á hvert skráð folald í gegnum Worldfeng.

Hvor leiðin hugnast félagsmönnum betur A eða B án þess að það sé bindandi.

Ólafur – tillaga A hljómar betur

Sveinn ef tillaga A er valin í haust og félögum fækkar um 30% ættum við að ná að halda okkar. Gæti kannski þurft að hækka gjaldið 2018.

Ólafur – félagið ætti að vera fyrir félagsmenn en ekki alla hestamenn.

Sveinn – HS héldu fyrirlestra og tilheyrandi þar sem félagsmenn nutu afsláttar. Þurfum helst að senda öllum félagsmönnum póst í haust og kynna starfsemi félagsins og ávinning þess að vera í félaginu.

Vignir – búnaðarsamband eyjafjarðar hækkaði sitt gjald um heil 20.000 á árinu, en skv. Birnu hækkaði búnaðarsamb. Vesturlands aðeins um 3.000.

Þorvaldur – fór yfir hugmyndir RML um námskeiðahald þar sem aðild að FHB gæti nýst.

Sveinn – samstarf á milli félaganna ?

Sigurgeir – þær þreifingar eru í gangi í Skagafirði og þá m.a. með Eyfirðingum.

Þorvaldur – Gæðastýringin datt út um áramótin en í staðin kemur verkefni sem heitir Hagagæði

Magnús – gott væri að vekja athygli félagsmanna á þeim styrkjum sem félagsmönnum stendur til boða skv. Nýju búnaðarlagasamningnum.

Ómar – varðandi gróðurnýtingar, er e-r ávinningur af því að breyta túnum aftur yfir í votlendi breytir þetta e-u ?

Sveinn – spurning hvort eigi að senda fréttabréf á félagsmenn til að kynna það sem er í gangi og vekja athygli á réttindum.

Malin – líka mætti setja inn link á heimasíðunni og senda svo fjölpóst á félagsmenn til að vekja athygli á því.

Sveinn – búið er að hækka verð á hrossaafurðum upp í 105 kr á kg (var 70 kr). Þetta gerist í framhaldi af Japansferðinni og kynningu á henni. Sveinn segir að fara þurfi fram kjötmat á hrossakjöti eins og gert er með önnur sláturdýr.

Pórður - telur að verið sé að vinna að breytingum á þessu og koma hrossakjötinu inn í kjötmatið.

Sveinn – meðhöndla þarf kjötið og skrokkana mun betur, þarf að fara í gengum úrvals verkferla til þess að hægt verið að sinna Japansmarkaði. Þessi hækkun segir okkur að það borgar sig að gera eitthvað í markaðssetningunni. Hingað til hefur kjötið verið metið skv. Fituinnihaldi.

Ómar – hvað felst í premíum gjaldi – Sveinn sá í Japan að kílóverð út úr búð er 6.000 á bestu stykkjunum. Á fundi með kjötkaupendum var farið yfir allt sláturferlið til þess að viðhalda gæðunum sem allra best. Meðhöndla þarf hrossakjötið eins og fiskinn til að viðhalda gæðunum.

Sveinn – þetta eru um 600 tn af hrossakjöti sem fellur til eins er og pr. Ár.

Sveinn – Horses of Iceland er á góðri siglingu

Rætt um þátttöku á Equitana og hvernig t.d. þátttaka í hop top sýningu ætti að vera.

Malin – félagsmenn á hennar svæði hafa mikið verið að velta fyrir sér utanumhaldi á stóðhestum þar sem rukkað er fyrir meint fyl, en í A-hún er t.d. bara flutningur á suðurland og til baka 70.000 og þá er stóðhestatollurinn eftir. Fannst þetta vera e-ð sem Félag hrossabænda gæti beitt sér fyrir, spurning að borga fyrir lifandi fætt folald til samræmis við það sem gerist t.d. í Svíþjóð, þar þarf stóðhasteigandi að borga leyfisgjald, hryssueigandi borgar ½ folatoll og þegar lifandi folald fæðist þá greiðist hinn helmingurinn. Hér er ábyrgðin alfarið á hryssueigandanum en ætti að færast mun meira yfir á stóðhestseigandann. Of mikið er um að dýrir folatollar skili ekki folaldi með tilheyrandi tjóni fyrir hryssueiganda sem fær þá yfirleitt ekkert bætt.

Jón Bjarni – hefur einnig verið vandamál hvað margar hryssur eru hjá hesti í gangmáli hjá vinsælustu hestunum.

Malin – hryssueigandi hefur eins og er lítinn sem engan rétt.

Vignir – þarf að fá staðfest hvenær reikna má með að hryssa sé sannarlega búin að festa fyl, er 12-14 dagar ekki allt of snemmt.

Jónas – er ekki tilvalið fyrir FHB að setja leiðbeiningar og viðmið varðandi þessi atriði.

Fleira var ekki gert og fundi slitið